



Bygðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2914
komudagur 21.7.2010

Dagsetning
21.07.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, mál 660.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur jákvætt að settur sé lagarammi um virkjanir og að endanleg flokkun virkjanakosta sé ákvörðuð í þingsályktun. Í 3. gr. segir eftirfarandi: „Iðnaðarráðherra leggur í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita.“ Álitamál er hvort það sé ávinningur af því að tilgreina að leggja skuli fram þingsályktun eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, eða hvort ákvæðið eigi að vera að leggja beri fram þingsályktun á fjögurra ára fresti. Ef lögbundið er að áætlunin sé til fjögurra ára, skapar það formfestu í þessum málaflokki. Ef opnað er fyrir að hægt sé að samþykkja nýja þingsályktun oftari, skapast svigrúm fyrir ríkisstjórn sem tæki við völdum á tímabili gildandi þingsályktunar til þess að leggja fram þingsályktun með breyttum áherslum. Telja verður raunhæft að kveða á um flokkun landsvæða nýtingar og verndar í lögunum, fremur en um röðun einstakra virkjunarkosta.

Samkvæmt 7. gr. er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir samræmi gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og nýtingaráætlun innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Gildandi skipulags- og byggingarlög kveða ekki á um þetta. Því væri æskilegt að ný skipulagslög verði afgreidd á Alþingi áður en lög um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða verða samþykkt. Samkvæmt frumvarpi til skipulagslaga er gert ráð fyrir samþættingu áætlana og að ákvæði um landskipulagsstefnu nái til verndar- og nýtingaráætlana orkulinda.

Verkefnisstjórn er samkvæmt 8. gr. skipuð sex mönnum og eru fimm þeirra tilnefndir af ráðuneytum eða skipaðir af ráðherra án tilnefningar, en einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í lagafrumvarpinu segir eftirfarandi: „Verkefnisstjórn skal skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum, sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.“ Hér kemur tvennt til álita. Verkefnisstjórn þarf að hafa fjölbreytilegri bakgunn og tilgreina þarf á hvaða sviðum beri að skipa faghópa.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar

Heimilisfang Ártorgi 1 Sími 455 5400 Bréfsími 455 4599 Netfang gg@byggestofnun.is Heimasíða <http://www.byggestofnun.is>
550 Sauðárkróki